

Til: Fjármála- og efnahagsráðuneytisins.
Frá: Almenna lífeyrissjóðnum.
Mál: 162/2023

Reykjavík 22. september 2022

Umsögn Almenna lífeyrissjóðsins um áform um lagasetningu um aukið valfrelsi í viðbótarlífeyrissparnaði með fjölgun fjárfestingarkosta.

Umsögn þessi er sett fram af Almenna lífeyrissjóðnum í tilefni af framkomnum áformum um lagasetningu sem ætlað er að ná fram auknu valfrelsi einstaklinga í viðbótarlífeyrissparnaði. Þær breytingar sem áformin greina frá eru á þá leið að einstaklingar geti sjálfir ákveðið fjárfestingarstefnu sparnaðarins og gert breytingar á henni í samráði við viðkomandi vörsluaðila.

Í ljósi áformanna telur Almenni lífeyrissjóðurinn mikilvægt að líta til nokkurra þátta áður en ákvörðun er tekin um efni frumvarpsins:

- Bent er á að nú þegar er mikið framboð af ólíkum ávöxtunarleiðum fyrir viðbótarlífeyrissparnað. Þannig kemur fram í ársreikningsbók lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar að 77 leiðir voru í boði fyrir einstaklinga árið 2022.
- Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sínum val um sex ávöxtunarleiðir við viðbótarlífeyrissparnað og séreign sem myndast með greiðslu lágmarksiðgjalds. Sjóðurinn býður upp á þrjár blandaðar ávöxtunarleiðir (fjárfesta í innlánnum, skuldabréfum og hlutabréfum í mismunandi hlutföllum), eina leið sem fjárfestir eingöngu í innlánnum, aðra sem fjárfestir eingöngu í ríkisskuldabréfum og loks eina leið sem fjárfestir í veðskuldabréfum, ríkisskuldabréfum og innlánnum (sem bent hefur verið á sem góðan kost fyrir þá sem eru að safna fyrir útborgun í fyrstu íbúð). Kosturinn við ávöxtunarleiðir sjóðsins er að með þeim geta sjóðfélagar fjárfest í leiðum með mikla eigna- og áhættudreifingu á lágum kostnaði. Verðbréfavíðskipti eru tiltölulega dýr þegar höndlað er með smærri fjárhæðir en kostnaðarhlutfallið lækkar eftir því sem fjárhæðirnar hækka og þess njóta einstaklingar sem fjárfesta í ávöxtunarleiðum sjóðsins.
- Viðbótarlífeyrissparnaður byggir á mánaðarlegum sparnaði sem er almennt 4% til 6% af launum. Mánaðarlegar fjárhæðir eru því tiltölulega lágar og réttlæta tæplega sértæka fjárfestingarstefnu vegna kostnaðar sem er hlutfallslega hár fyrir fjárfestingar í stökum fjármálagerningum auk kostnaðar sem fellur til við að halda utan um sértæka fjárfestingarstefnu. Sem dæmi má nefna að gjald fyrir kaup og sölu á stökum innlendum hlutabréfum getur verið 0,75% af upphæð viðskiptanna auk greiðslugjalds sem er á bilinu 450 til 2.500 kr. í september 2023. Þannig getur beinn kostnaður við einstök viðskipti fyrir þann sem eru með meðallaun orðið á bilinu 1,25% til 9%.
- Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar ber að birta fjárfestingarstefnu, lykilupplýsingar, kynna hvernig sjálfbærniáhætta er felld inn í fjárfestingarákvarðanir og setja upp ársreikning fyrir stakar ávöxtunarleiðir. Ætla verður að löggjafi geri sömu kröfur til sértækrar fjárfestingarstefnu. Slíkar kröfur eru íþyngjandi fyrir vörsluaðila sem ákveða að veita það valfrelsi sem stefnt er að í áformaskjali. Huga þarf að því hvernig upplýsingagjöf og fjárfestarvernd verður tryggð með auknu valfrelsi.

- Viðbótarlífeyrissparnaður er í grunninn langtímasparnaður en á síðustu árum hefur sparnaðurinn einnig verið nýttur sem húsnæðissparnaður og varasjóður vegna efnahagsáfalla. Taka þarf tillit til þess við mótun sértækrar fjárfestingarstefnu.
- Breyta þarf fjárfestingarheimildum í lögum ef ætlunin er að einstaklingar geti valið einstaka eignaflokka eða fjármálagerninga og fella niður magntakmarkanir. Slíkar breytingar þurfa að gilda fyrir allan viðbótarlífeyrissparnað. Huga þarf að kröfum sem gerðar eru á vörsluaðila og útlista þær með skýrum hætti.
- Almenni lífeyrissjóðurinn er hlynntur því að sjóðfélagar velji ávöxtunarleiðir fyrir lífeyrissparnað (bæði lágmarks- og viðbótariðgjald). Sjóðurinn fagnar frumkvæði stjórnvalda um aukið valfrelsi en áréttar að breytingar á lögum verði útfærðar þannig að sömu reglur gildi um allar ávöxtunarleiðir. Það verður svo í höndum hvers vörsluaðila að meta hvort eftirspurn réttlæti aukinn kostnað og fjölgun ávöxtunarleiða.

Til viðbótar ofangreindu vill sjóðurinn benda á að frumvarpsdrög af því tagi sem hér um ræðir væri skynsamlegt að bera undir þann hóp sem nú starfar við gerð grænbókar um lífeyrismál. Mikilvægt er að samfella sé í tillögum að breytingum á núverandi lögum og því rétt að kanna hvaða tillögur koma fram í grænbók og hvort samlegðaráhrif geti verið af þeim tillögum og markmiðinu sem að er stefnt í þeim áformum sem hér eru til umsagnar.

F.h. Almenna lífeyrissjóðsins
Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri.

Undirritunarsíða

F.h Almenna lífeyrissjóðsins
Kristjana Sigurðardóttir